



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Forsætisráðuneytið  
b.t. Páls Þórhallssonar  
Stjórnarráðshúsinu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2013  
Tilv.: 1303017

**Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna Landsbréfa hf.**

Samkeppniseftirlitið barst 3. júlí sl. beiðni frá forsætisráðuneytinu um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna Landsbréfa hf., sbr. bréf ráðuneytisins dags. 27. júní sl. Forsætisráðuneytið hafði þá veitt Landsbréfum hf. undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 600/2013 um undanþágu lögaðila frá gildissviði upplýsingalaga dags. 28. júní sl. Fram kemur í undanþágunni að hún hafi verið veitt af forsætisráðuneytinu á meðan rannsókn stæði yfir hvort skilyrði 3. mgr. 2. gr. laganna væri uppfyllt, m.a. með því að afla umsagnar Samkeppniseftirlitsins. Jafnframt kemur fram í undanþágunni að hún yrði endurskoðuð eigi síðar en 1. janúar næstkomandi.

Í fyrrgreindri umsagnarbeiðni forsætisráðuneytisins kemur fram að fjármála- og efnahagsráðherra hafi lagt til við forsætisráðherra að ákveðið yrði að Landsbréf hf. skyldu ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga. Meðfylgjandi umsagnarbeiðninni voru bréf Landsbréfa hf. til fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 24. júní sl. og bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins til forsætisráðuneytisins dags. 25. júní sl.

Í áðurnefndu bréfi Landsbréfa hf. dags. 24. júní sl. kemur fram að Landsbréf hf. sé dótturfélag Landsbankans hf. (í gegnum Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.). Félagið sé sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingarsjóða, auk þess sem starfsleyfið nái til eignarstýringar. Félagið starfi þannig í samkeppnisrekstri við önnur rekstrarfélög sjóða og eignarstýringarfyrirtæki. Það sé mat félagsins að það hefði verulega neikvæð áhrif á ímynd og rekstur félagsins ef undanþága frá gildissviði laganna fengist ekki, þar sem helstu samkeppnisaðilar félagsins séu ekki settir undir sömu reglur. Það sé mat félagsins að sambærilegir opinberir hagsmunir og gilda um stjórnarsýslu almennt og sem sé verið að vernda með upplýsingalögunum eigi ekki við um sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki eins og Landsbréf hf. Félagið hafi ekki með höndum opinbera



Þjónustu heldur starfi eingöngu í samkeppni á markaði. Með vísan til frumvarps laganna ætti undanþáguákvæði laganna að ná yfir tilvik sem þessi.

Í fyrrgreindu bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 25. júní sl. er vísað til fyrrgreindra röksemda Landsbréfa hf. og er niðurstaða ráðuneytisins sú að ljóst sé að félagið uppfylli skilyrði upplýsingalaga til að geta fengið undanþágu frá gildissviði laganna. Er þar m.a. vísað til sömu raka og talinn eru gilda um undanþágu Landsbankans hf. frá gildissviði upplýsingalaganna.

Með bréfi dags. 22. nóvember sl. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því við forsætisráðuneytið að það hlutaðist til að afla tilgreindra upplýsinga um dótturfélag Landsbankans, þ.á m. um Landsbréf hf. Nánar tiltekið var óskað upplýsinga um undir hvaða starfsheimildum skv. IV. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 Landsbankinn starfræki rekstur Landsbréfa hf. Jafnframt var óskað eftir afhendingu á bréfi Landsbankans hf. til fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 11. september sl. Svör Landsbankans með bréfi dags. 2. desember sl. og fyrrgreint bréf hafa borist Samkeppniseftirlitinu. Í svarbréfinu er tilgreint að starfsemi Landsbréfa hf. sé hliðarstarfsemi Landsbankans sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaganna er kveðið á um að ef starfsemi lögaðila, sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna, er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur forsætisráðherra að fenginni umsögn Samkeppniseftirlitsins ákveðið að lögaðillinn skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka ákvörðun til baka. Í fyrrnefndum tilvikum er um að ræða undanþágu frá meginreglu upplýsingalaganna um upplýsingarétt almennings samkvæmt lögunum.

Í athugasemdum við 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga segir að skilyrði þess að undanþágunni verði beitt séu í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt er tekið fram að ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Þá er einnig tekið fram að undanþágunni beri að beita af mikilli varfærni og er m.a. vísað til þess að skv. 3. tölul. 10. gr. frumvarpsins (4. tölul. 10. gr. upplýsingalaganna) sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. sé á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið ljóst að umsögn stofnunarinnar eigi að varða og fjalla um starfsemi viðkomandi félags og markaðsaðstæður á þeim sviðum sem það starfar á, og þá sérstaklega hvort starfsemi umrædds aðila sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.



### **Umsögn vegna Landsbréfa hf.**

Landsbréf hf. eru 99,99% í eigu Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er 100% í eigu Landsbankans hf. Fyrir liggur að Landsbankinn hf. er í meiri hluta eigu ríkissjóðs og fer Bankasýsla ríkisins með eignarhlutinn, en hlutverk hennar er að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sbr. lög nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins. Landsbréf hf. er þannig félag sem er í 51% eða meira í eigu hins opinbera, þ.e. í gegnum eignarhald dótturfélaga Landsbankans.

Landsbréf hf. er fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi og staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sbr. II. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbréfum hf. nær starfsleyfi þess jafnframt til eignastýringar, sbr. 27. gr. fyrrgreindra laga nr. 161/2002. Starfsemi sú sem fram fer í Landsbréfum hf. er hliðarstarfsemi Landsbankans skv. 2. mgr. 21. gr. fftl. en sú starfsemi skal ávallt vera í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu viðkomandi lánastofnunar, þ.e. um er að ræða starfsemi samþýðanleg þjónustu bankans.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru sjóðir sem taka við fjármunum frá almenningi, fyrirtækjum og fagfjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar. Sjóðirnir eru stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi, sem gefur út hlutdeildarskírteini til staðfestu á tilkalli eiganda skírteinis til eigna sjóðsins. Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum staðfestingu á grundvelli II. og III. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Fagfjárfestasjóðir lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt IV. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fagfjárfestasjóðir eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu veita viðtöku fé frá fagfjárfestum. Óheimilt er að markaðssetja eða koma fagfjárfestasjóði á framfæri við almenning. Fagfjárfestasjóðir geta verið starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða og öðrum aðilum.

Starfsemi Landsbréfa tilheyrir markaði fyrir rekstrarfélög verðbréfa- og fjárfestingarsjóða hér á landi og starfar því á verðbréfamarkaði. Samkeppniseftirlitið hefur nýlega fjallað um samkeppnisaðstæður á verðbréfamarkaði, sbr. IV. hluta skýrslu nr. 1/2013, Fjármálaþjónusta á krossgötum. Vísast nánar um þetta t.d. til 17 kafla skýrslunnar þar sem fjallað er um eignastýringu.

Landsbréfum hf. hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnslu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félagsins er einkaréttarlegs eðlis og talið er að félagið stundi ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu íslenska ríkisins gegnum móðurfélög sín. Þannig sinnir félagið hefðbundinni starfsemi á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaðila á fyrrgreindum markaði. Ef Landsbréf hf. væri skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum telur Samkeppniseftirlitið hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem óheppilegt væri í samkeppni keppinauta.



Samkeppniseftirlitið vísar ennfremur til sjónarmiða sem koma fram í umsögn eftirlitsins til forsætisráðuneytis vegna undanþágu Landsbankans frá upplýsingalögum, dags. 14. júní 2013.

Að öllu framangreindu virtu mælir Samkeppniseftirlitið með því að Landsbréfum hf. verði veitt undanþága frá upplýsingalögum skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Hulda Hákonardóttir